

Fundur var haldinn í stjórn Fjár- og hjarðhundadeildar mánudaginn 6. október kl. 20:00

Mætt: Svana, Ástríður, Hilmar og Ingibjörg sem ritaði fundargerð. Jórunn boðaði forföll

- 1) Fundargerð síðasta fundar var samþ. og birt á FB og heimasíðu deildarinnar
- 2) Starf heilsufarsnefndar Nefndin áætlað að funda fljótlega. Nefndarmenn hafa skipt með sér tegundum. Nefndinni er ætlað að gefa upplýsingar um starfið á fundi með tengiliðum í nóvember.
- 3) Uppskeru- og aðventukvöld verður haldið föstudaginn 28 nóvember. Þá verður happdrætti að venju og veitingar.
- 4) Fundur með tengiliðum deilda verður haldinn 17. nóvember kl. 20:00 í húsnæði HRFÍ. Tengiliðir verða beðnir um að gefa skýrslu um starf deilda. Þá verður skipulag Uppskeru- og aðventukvölds kynnt. Tengiliðir gefa upplýsingar um stíghæstu hunda fyrir aðventukvöldið
- 5) Deildarsýning 2015 - áætlað er að halda sýningu í sumar fyrir utan Reykjavík. Lára Birgisd. og Jórunn eru í undirbúningsnefnd.
- 6) Umræða um nýliðna sýningu - Mikil vinna að vera með kynningarbás og fyrir örfáa gesti. Erfitt að leggja og taka upp gólfíð og of fáir mættu til að ganga frá. Betri aðstaða fyrir áhorfendur í Víðidal en verri aðstaða fyrir sýnendur.
- 7) Umræða um sameiningu við Schefferdeild - Málið hefur ekki verið rætt við Schefferdeildina en verður rætt við tengiliði á fundi 17. nóvember
- 8) Önnur mál
Aðalfund skal halda í mars. Þá gefur stjórn skýrslu um starf deildar. Kjörtímabil Hilmar og Jórunnar rennur út þá og því þarf að kjósa um tvö sæti í stjórninni á aðalfundi

Rætt um óánægju tengiliða sem búa ekki á höfuðborgarsvæðinu sem fá ekki send gögn frá HRFÍ - rætt að skrifa HRFÍ og óska eftir betri þjónustu við utanbæjarfólk

Jórunn áæltar að skrifa í Sám f.h. deildarinnar

Vegna spurningar frá félagsmanni var rætt að formaður deildar er eini aðilinn sem setur efni inn á vef deildar - en fleiri allir tengiliðir og stjórn hafa heimild til að setja efni inn á síðu deildar á Facebook

Hilmarí og Ástu þakkað sérstaklega fyrir skipulagningu á vinnu deildarinnar á síðustu sýningu

Næsti fundur verður 17. nóvember kl. 19:30

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl 21:00